



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Íþróttir – 2. bekkur

Leikfimi er kennd einn tíma í viku hjá 5 ára og þrjá tíma í viku hjá 6 - 9 ára. Kennsluaðferðir koma til móts við þarfir nemenda sem eru að vaxa úr grasi á viðkvæmu en breytilegu vaxtarskeiði. Til að slíkt megi takast skal sérstaklega hugað að líkamlegri virkni hvers og eins í kennslutímum. Verklegir tímar skulu því skipulagðir þannig að hver nemandi sé virkur í verkefnum við hæfni.

Matsviðmið

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Hlaupið þrjá hringi í kringum Ísaksskóla.

Staðið á öðrum fæti.

Hoppað á öðrum fæti.

Gengið eftir lengri slá heldur en 1. bekkur.

Framkvæmt sprellikarll og fleiri æfingar sem reyna á samhæfingu.

Hoppað uppá/yfir hestinn.

Klifrað upp og niður rimlana.

Kastað og gripið bolta.

Dripplað bolta fram og til baka ákveðna vegalengd.

Félagslegir þættir

Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.

Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.

Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Matsviðmiðin eru metin með símati og einnig er metin virkni nemanda í tímum.